



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804

netfang: postur@fel.stjr.is

www.felagsmalaraduneyti.is

Fréttatilkynning

Nr.: 22/2007

Efni: **Tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna dreift á Alþingi í dag.**

Ríkisstjórnin hefur í samræmi við stefnuýfirlýsingu frá 23. maí 2007 samþykkt að félagsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til fjögurra ára, fyrir árin 2007–2011, til að styrkja stöðu barna og ungmenna.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir markvissum aðgerðum í þágu barna og barnafjölskyldna á kjörtímabilinu og með þingsályktunartillögunni er lögð fram til umfjöllunar á Alþingi heildstæð fjögurra ára aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna hér á landi.

Meginatriði aðgerðaáætlunarinnar eru eftirfarandi:

- Á samráðsvettvangi ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaga skulu mótaðar tillögur til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð og þjónustu við barnafjölskyldur. Gert er ráð fyrir að tillögurnar verði meðal annars styttri og sveigjanlegri vinnutíma og hvernig tryggja megi að foreldrar geti betur sinnt börnum sínum vegna veikinda eða fötlunar. °
- Fæðingarorlof verði lengt í áföngum á kjörtímabilinu.
- Afkoma barnafjölskyldna verður bætt, meðal annars með því að barnabætur til tekjulágra fjölskyldna verði hækkaðar; tannvernd barna verði bætt með gjaldfrjálsu eftirliti, forvarnaaðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna; nemendur í framhaldsskólum fái stuðning til kaupa á námsgögnum; stefnt verði að því, í samvinnu við frjáls félagasamtök og sveitarfélög, að bæta aðgengi allra barna og ungmenna að íþróttum og félagsstarfi, ekki síst þeirra er búa við veikar fjárhagslegar aðstæður.
- Sérstaklega verður hugað að stuðningi við börn innflytjenda í skólakerfinu.
- Aukinn verði stuðningur við langveik börn, börn með hegðunarvandamál, geðraskanir og þroskafrávik.
- Það verður forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar samkvæmt aðgerðaáætluninni að vinna á biðlistum barna og ungmenna sem bíða eftir greiningu hjá barna- og unglíngageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þegar í stað verður gripið til aðgerða til að vinna á biðlistum á því sviði.
- Fjölbreytni í meðferðarúræðum fyrir börn með hegðunar- og vímuefnavanda verða aukin með því að koma á fót meðferð utan stofnana, á vettvangi fjölskyldunnar og nánasta umhverfi

barnsins.

- Unnið skal að því að foreldrum standi til boða uppeldisráðgjöf og þjálfun í foreldrafærni óháð búsetu.
- Áhersla verður lögð á viðtækar forvarnir, svo sem heilsueflingu barna og ungmenna í samfélaginu, meðal annars með því að auka hreyfingu og bæta næringu og fæðuval barna og ungmenna.
- Forvarnastarf gegn kynferðislegu ofbeldi verði eflt og veittur verði stuðningur við fjölskyldur ungmenna sem eiga í vanda vegna vímuefnaneyslu.
- Skipuð verður nefnd er fjalli um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra.

Þingsályktunartillagan er unnin af starfshópi ráðherra félagsmála, heilbrigðis- og tryggingamála, dóms- og kirkjumála, fjármála og menntamála.

Samráðshópur fulltrúa framangreindra ráðherra, undir forystu félagsmálaráðherra, mun samræma og fylgja eftir þeim aðgerðum sem kveðið er á um í áætluninni.

Reykjavík 5. júní 2007